Guðmundur G. Gunnarsson

From: Skuli Gudmundsson <skuli_gudmundsson@outlook.com>
Sent: mánudagur, 10. janúar 2022 23:06
To: Skipulag
Cc: Elizabeth Sargent
Subject: Hraunbraut 24: Fyrirspurn um viðhorf skipulagssviðs gagnvart áformum um stækkun
Attachments: H24_Viðbygging_álit_10_Jan_2022.pdf

Sæl,

Við eigendur einbýlishússins að Hraubraut 24 höfum áhuga á að stækka neðri hæð hússins með því að loka opnum byggingarhluta og gera að fullkláruðu rými með 2 herbergjum, baðherbergi, og sjónvarpsholi. Með þessari fyrirspurn viljum við kanna álit og viðhorf skipulagssviðs Kópavogsbæjar gagnvart framkvæmdinni áður en við förum af stað með frekari vinnu við formlega Byggingarleyfisumsókn.

Tilgangur okkar með breytingunum er að:

- Bæta við 2 nýjum herbergjum til að mæta auknum þörfum heimilisins fyrir sérherbergum fyrir börnin og heimaskrifstofum fyrir okkur hjónin.
- Bæta skipulag og flæði neðri hæðar. Er í dag öll á lengdina.
- Loka köldu rými, undir efri hæð, til að auka varmarýmd byggingarhluta og lækka orkunotkun.

Arkitektúr hússins yrði látinn halda sér og látið líta út sem rýmið hafi ávallt verið lokað frá upphafi. Stækkun flatarmáls hússins verður að öllu innan núverandi byggingarreits og munu byggingarhlutar ekki skaga útfyrir núverandi fleti né vera sýnilegir frá götu. Sambærilegar breytingar hafa átt sér stað á nálægum húsum á Hraunbraut, nú síðast árið 2002 hjá næsta nágranna að Hraunbraut 22.

Lóðin er 749m2 að stærð. Flatarmál hússins eykst um 72.2m2 og fer nýtingarhlutfall úr 0.39 í 0.49. Nýtingarhlutfall húsa á hraunbraut er 0.17 til 0.62 og nýtingarhlutfall einbýlishúsa í 300 metra radius er 0.09 til 0.63.

Meðfylgjandi er PDF skjal með lýsingu á framkvæmd ásamt útlits og yfirlitsmyndum.

Kærar þakkir,

Eigendur Hraunbrautar 24,

Guðlaugur Skúli Guðmundsson
Elizabeth Sargent
skuli_gudmundsson@outlook.com, Sími 898-8175

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026